

11.fundur hreppsnefndar Árneshrepps þriðjudaginn 6.desember 2016 kl. 15:00. Fundað verður á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður J.Fossdal Melum, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesei 2, Ingólfur Benediktsson Árnesei 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvík. Elín Agla Briem tekur að sér störf fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2016 – 2020. Fyrri umræða.
 2. Bréf frá Kaupfélagi Steingrímsfjarðar, lagt fram til kynningar og umræðu.
 3. Erindi frá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa varðandi deiliskipulag á Dröngum.
 4. Finnbogastaðaskóli, ýmis málefni, þ.á.m. kynning á styrkumsókn til viðhalds.
 5. Samstarfssamningur Byggðas.Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
-
1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2016 – 2020. Fyrri umræða. Ákveðið var að færa yfir á næsta ár framkvæmdir er varða vatnstank í Norðurfirði. Ekki er ákveðið að svo stöddu hvort tankur verður hreinsaður eða nýr plasttankur keyptur. Ákveðið var að skipta um þak á félagsheimilinu, væntanlegur kostnaður 1,7 milljón króna. Ákveðið var að endurnýja baðherbergi og eldhús í íbúð 1 í Kaupfélagshúsi. Áætlaður kostnaður 2,5 -3 milljónir króna. Áætlaður kostnaður vegna vetrarþjónustu kr 800000. Ákveðið var að gera við og endurbæta báða löndunarkranana við Norðurfjarðarhöfn að upphæð kr 1,5 milljón. Skipta þarf um eitthvað af gluggum í skólaíbúð áætlaður kostnaður kr 1,5 milljón króna. Ákveðið var að setja kr 300000 í að snyrta umhverfi skólans. Ákveðið var að útsvarsprósenta verði áfram 14,52 %. Einnig verða sorphirðugjöld og fasteignagjöld áfram þau sömu. Lauk þar með fyrri umræðu um fjárhagsáætlun.
 2. Bréf frá Kaupfélagi Steingrímsfjarðar, lagt fram til kynningar og umræðu. Ákveðið er að ræða við Viktoríu Rán til að fá upplýsingar um hvaða greiðslur kaupfélagið hefur greitt til Árneshrepps. Athugað verður hvaða möguleikar eru í stöðunni.
 3. Erindi frá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa varðandi deiliskipulag á Dröngum. Hreppsnefnd samþykkir að Fornasel ehf sé heimilt að vinna deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi á Dröngum. Framkvæmdaaðilar, Fornasel ehf, muni sjá um breytingu á aðalskipulagi og kostnað vegna þessa.

4. Finnbogastaðaskóli, ýmis málefni, þ.á.m. kynning á styrkumsókn til viðhalds. Hreppsnefnd styður uppkomnar hugmyndir um nýsköpun í starfi Finnbogastaðaskóla, sérstaklega var tekin fyrir hugmynd um búfræði- og hússtjórnarskóla fyrir börn þar sem gestanemendum er boðið í sveitina í nokkra daga af börnunum í hreppnum. Meginþemað verður að kynna fyrir þeim menningu sveitarlífsins. Verkefnið er hugsað fyrst og fremst til að auka á fjölbreytni í félagslífi barnanna í sveitinni, en einnig til gagns og gamans fyrir gestanemendur. Samþykkt var að veita kr 100000 í styrk til verkefnisins og afnot af félagsheimilinu.

5. Samstarfssamningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Samstarfssamningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks og Árneshrepps lagður fram og samþykktur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17.15.